Íþróttamiðstöðin Borg

Þorláksmessu, aðfangadag, jóladag
og annan í jólum er LOKAÐ.

Gamlársdag og nýársdag er LOKAÐ.

Aðra daga er opið eins og vetraropnun segir til um.

Mánudaga - Fimmtudaga	kl. 14-22
Föstudaga	Lokað
Laugardaga – Sunnudaga	kl. 11-18

Hætt er að hleypa ofan í laugina 20 mínútum fyrir lokun.

Heimasíða: www.gogg.is
Netfang: sundlaug@gogg.is
Sími 480 5500

Ritstjóri Hvatarblaðsins er Linda Sverrisdóttir.
Ábyrgðarmaður: Ingibjörg Harðardóttir.
Efni í blaðið berist fyrir 1. hvers mánaðar á eftirfarandi netföng:
linda@gogg.is eða gogg@gogg.is

Desember 2015

HVATARBLAÐIÐ

Grímsnes og Grafningshreppur
óskar íbúum sínum og gestum
Gleðilegra jóla og farsaldar á nýju ári

Jólapistill 2015

Jólunum fylgir hátíðleiki og hefðir sem fjölskyldur koma sér upp. Við upplifum jólin hver með sínum hætti, allt eftir aldri og aðstæðum hverju sinni. Hjá mörgum er tilfinningin sem vaknar þegar jólin nálgast, tilfinning sem er beintengd við upplifun okkar sem börn. En svo er það þannig að sumir eiga bernskuminningar sem stangast á við upplifun fullorðinsáranna, þ.e. bernskuminningin er góð en minningar fullorðinsáranna ekki og svo öfugt. Ég er oft hugsi um áramót, oftast þakklát fyrir árið sem er að líða en jafnframt full tilhlökkunar til þess sem er að koma, þó örli oft fyrir kvíða líka. Það er nú þannig að maður veit hvað maður hefur en ekki hvað nýja árið mun bera í skauti sér. Þó er margt spennandi framundan á árinu 2016 allt eftir áhugamálum hvers og eins og er ég þess fullviss um að komandi ár verður gott fyrir okkar góða samfélag. Eitt er vert að nefna en á árinu var stofnað leikfélag, Leikfélagið Borg og eru byrjaðar æfingar á verki sem frumsýnt verður á 50 ára afmæli Félagsheimilisins Borgar. Húsið var víg þann 19. febrúar 1966 og er því afmælisveisla framundan. Á fyrstu árum hússins var heilmikið um leiksýningar og vona ég að þessi afmælissýning verði aðeins upphafið að góðu og farsælu starfi leikfélagsins.

Desember er mörgum erilsamur mánuður og megum við ekki gleyma að gefa okkur tíma til að gera eitthvað sem okkur þykir skemmtilegt, hugsa um okkar nánustu og efla lífsandann í samfélaginu okkar. Sýning á ljósmyndum úr ljósmyndakeppni atvinnumálanefndar í íþróttamiðstöðinni, jólaball, skötuveisla Lionsklúbbsins og áramótabrenna eru allt viðburðir sem efla lífsandann í samfélaginu og vil ég hvetja ykkur eindregið til að taka þátt.

Í nokkur ár hefur heldri borgurum í sveitarfélaginu staðið til boða að borða í mötuneyti Kerhólsskóla virka daga gegn vægu gjaldi. Hægt er að koma og borða einn dag í viku upp í fimm daga

við höfðum verið að fara yfir á Flúðum, þar sem við lentum í ýmsu. Fastir bílar, bílaviðgerðir, kveikjarinn sem átti að nota til að kveikja upp í grillinu gleymdist, þannig að krakkarnir þurftu aðeins að spreyta sig í náttúrufræðinni sem þau kunnu þangað til eldspíturnar fundust, sem mörg þeirra virtust ekki vita hvað væri. Meðan var verið að grilla ákváðu þau að grafa holu til að athuga hversu mikill snjór væri, en gáfust þau upp þegar þau voru komin ca. 2 metra niður og ennþá sást ekki til jarðar.

Hápunktur starfsins er nú samt landsmótið, en það var haldið í Grindavík núna í sumar. Það er mót sem haldið er annað hvert ár og þar hittast allar unglingadeildirnar af landinu til þess að fara í svokallaða póstavinnu og björgunarleika, en þar reynir svo sannarlega á allt sem við höfum verið að æfa okkur í, bæði öllum þeim þáttum sem fylgja björgunarsveitarstarfinu og líka þeim mannlega þætti að vinna með fólki sem þú hefur alldrei áður hitt hvað þá talað við það.

Í lokin langar mig að þakka fyrir allan þann stuðning sem við höfum fengið frá samfélaginu, hann hefur án efa verið mikill. Dæmi er hægt að taka þegar við löbbuðum frá Laugarvatni niður í Reykholt og margir styrktu okkur vel.

Brynhildur Hrönn Sigurjónsdóttir



Unglingadeildin Greipur

Ég var beðin um að segja frá starfi Unglingadeildarinnar Greips. Sjálf byrjaði ég í því starfi um leið og ég mátti eða þegar ég byrjaði í 8. bekk, síðan hef ég verið föst í því, því þetta er svo ótrúlega gaman. Allt sem maður lærir, allir þessir frábæru unglingar sem ég hef fengið að kynnast, margt hefur verið brallað á þessum tíma og ætla ég að stikla á stóru (atburðum, hlutum)

Starf okkar sem leiða Unglingadeildina Greip er ansi margþætt, því jú starfið er ansi fjölbreytt. Við vinnum markvist að því að kenna unglingunum okkar að takast á við hinar ýmsu aðstæður sem geta komið upp í framtíðinni hvort sem það er í daglegu lífi eða í starfi björgunarsveitarinnar. Við vinnum útfrá því að allir séu jafnir og allir fái sama tækifærið hvort sem þú sért góð/ur í viðfangsefninu eða ekki. Reynt er að finna styrkleika hvers og eins til að nýta hann í hin ýmsu verkefni, því nóg er hægt að gera innan starfsins.

Eins og flest önnur félagsstarfsemi hér í sveit byrjum við strax eftir réttir eða um miðjan september. Þá byrjum við á því að setja saman dagskrá fyrir veturinn og bjóða nýja unglinga velkomna til okkar. Við erum að hittast annan hvern miðvikudag til að æfa okkur í hinum ýmsu grunnatriðum sem björgunarsveitarmaður þarf að kunna, einnig erum við að fara í æfingaferðir og svo líka skemmtiferðir.

Unglingadeildin Vindur bauð okkur í helgarferð til sín í mars á þessu ári. Þá var hópnum skipt upp og æft t.d. að nota snjóflóðaýla, grunnatriði á bátum og það sem er mjög mikilvægt að vinna með öðrum ekki bara vinum sínum. Einnig fórum við í dagsferð inní Mosaskarð í enda maí, þar komumst við í mikinn snjó, þar nýttist margt sem

vikunnar, allt eftir hentugleika hvers og eins. Einnig hefur sundlaugin verið opin fyrir heldri borgara á mánudags- og fimmtudagsmorgnum milli 10 og 12. Nokkrir hafa nýtt sér þessa þjónustu og vil ég hvetja sem flesta til að nýta sér þetta þó ekki sé nema til að borða saman og hittast.

Vert er að vekja athygli fólks á heimasíðu sveitarfélagsins www.gogg.is en nýverið var heimasíðan uppfærð með það fyrir augum að gera hana aðgengilegri og einfaldari til að nálgast upplýsingarnar sem á henni er að finna. Hvatarblaðið kemur út í byrjun hvers mánaðar og er markmiðið með útgáfu blaðsins meðal annars að koma til ykkar upplýsingum um það helsta sem er að gerast í sveitarfélaginu hverju sinni með einföldum og þægilegum hætti. Sumt af þessu efni er það sama og er á heimasíðu sveitarfélagsins en þess ber að gæta að það hafa ekki allir aðgang að tölvum og kjósa því að lesa blaðið frekar. Alltaf er hægt að bæta við efni í blaðið og vil ég hvetja þá sem hafa frá einhverju skemmtilegu að segja að koma því til okkar. Ekki síður eru góðar hugmyndir að efni í blaðið vel þegnar.

Eins og oft áður vil ég minna á að við jól og áramót er gott að gleyma ekki ferfætlingunum okkar. Þeir eru, öllu jafna, ekki jafn hrifin af áramótunum og við mannfólkið. Girðingar þurfa að vera í lagi svo búpeningur sé ekki á vegunum og valdi okkur slysum í myrkrinu. Huga ber að því að þau dýr sem ekki eru tekin á hús hafi aðgang að góðu skjóli og nægt fóður og að okkur ber skylda til að láta vita ef við verðum þess var að einhver hafi það ekki gott.

Að lokum vil ég þakka öllum starfsmönnum sveitarfélagsins fyrir samstarfið á árinu og óska öllum sveitungum mínum og velunnurum Grímsnes- og Grafningshrepps gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

ORMSSTAÐIR

Fjölskyldurekið svínabú

Opið um helgar frá kl. 12:00—16:00

Náið tímanlega í jólasteikina.

Takmarkað upplag af völdum vörum

Sími 771-4465

Gleðileg jól !

Þú finnur nýjustu tilboðin á faceboook :)

Kæru heldriborgarar!

Sundlaugin er opin fyrir ykkur á

mánudags– og fimmtudagsmorgnum

frá kl. 10:00—12:00.

Frítt inn og kaffi á könnunni !

Líkamsræktarsalurinn verður opinn til reynslu fyrir alla á sama tíma frá 2. nóv. til 18. des. 2015

Fyrstu hjálpar kassar

Vaki (LB03107)

Vaki er lítill sjúkrakassi sem hentar vel á skrifstofuna, í bílinn, á heimilið eða í sumarbústaðinn.
Kassinn er búinn helstu nauðsynjum fyrir fyrstu hjálp.
Veggfesting fáanleg.

Sjúkrakassi **S**

Vís (LB03101)

Vís er mjög hentugur í jeppann, bústaðinn, heimilið og fyrir litla vinnustaði.
Veggfesting fylgir.

Sjúkrakassi **M**

Græðir (LB03102)

Græðir hentar vel meðalstórum vinnustöðum.
Kassinn er mjög vel búinn sjúkragögnum.
Veggfesting fylgir.

Sjúkrakassi **L**

HJÁLPARSVEITIN TINTRON

Á aðventunni er góður tími til þess að huga að öryggi á heimilinu og vinnustaðnum. Í tilefni af því viljum við minna á að fyrstuhjálpar kassarnir frá Landsbjörgu eru fáanlegir hjá okkur og um leið og þú eykur öryggið í þínu nærumhverfi styður þú björgunarsveit í þinni sveit.

Fyrir frekari upplýsingar og pantanir sendið póst á **hstintron@gmail.com**

Minnum á facebook síðu Hjálparsveitarinnar TINTRON

Like

Áramótabrenna og flugeldasýning verður við golfvöllin á Borg 31. des.

Kveikt verður í brennu kl. 20:30

Flugeldasala hjálparsveitarinnar Tintrons verður eins og vanalega **á Austurvegi 23 Selfossi.**

Styrkjum Björgunarsveitirnar.

Hjálparsveitin Tintron þakkar öllum fyrir góðar móttökur vegna sölu á neyðarkallinum.

Þökkum stuðninginn og sendum bestu óskir um Gleðileg jól !

Þrastalundur

Opnunartími:
Mánud. - fimmtud. 10:30 til 17:00
föstud - sunnud. 10:30 til 20 :00

Grillið lokar 30 mín fyrir lokun.
Sími 486-8686

Gleðileg jól !

Saumakompan Kringlu Grímsnesi

Fataviðgerðir, gardínusaumur og ýmiskonar einfaldur saumaskapur

Elsa Jónsdóttir

Sími 486 4515

Gleðileg jól !

ÁRTANGI

Blóm fyrir jólin!

Jólastjörnur, Amarillis, Hyasintur, Túlípanar og FERSKAR KRYDDJURTIR

Opið verður alla virka daga frá 10-16 eða eftir samkomulagi.

Sími 669-0108.

Gleðileg jól !

Öll almenn lögfræðiþjónusta

Málflutningur – Erfðaskrár – Kaupsamningar – Landskipti – Skaðabætur – ofl.

Sigurður Jónsson hrl. S: 893-6506
siggi@landlogmenn.is

Sverrir Sigurjónsson lögfr. S: 662-4422
sverrir@landlogmenn.is

Land LÖGMENN

Austurvegi 10, 2 hæð. 800 Selfoss

EIMSKIP

Landflutningar SAMSKIP

Flúðaleið ehf

Verktaki fyrir Eimskip og Samskip

Brottför frá Flúðum alla virka daga: 7:00-8:00
Brottför frá Reykjavík alla virka daga:
Kl 12:00 frá Landflutningum og
Kl 13:00 frá Flytjanda
Brottför frá Selfossi alla virka daga: 12:00

Flytjum áburð og skeljasand fyrir alla söluaðila.
Vöruafgreiðsla á Flúðum opin frá kl 8-12 og 13-17 alla virka daga.
Sími skrifstofu 486-1070,
Halldóra og 892-2370 Pálmar
netfang: fludaleid@simnet.is

Símar hjá bílstjórum:
892-2371-Dawid útkeyrsla og Selfoss
892-2372-Kamil Flúðir-Reykjavík.
892-2316-Lukasz útkeyrsla
892-2308-Trailer.
.

Með kveðju
Starfsfólk Flúðaleiðar

Meiraprófsbílstjóri óskast.

Flúðaleið ehf, sem sér um vöruflutninga fyrir Eimskip og Samskip í uppsveitir Árnessýslu, óskar eftir meiraprófsbílstjóra til að sinna akstri á sendibílum, flutningabílum og trailerum.

Nánari upplýsingar er hægt að fá hjá Pálmari í síma 892-2370 og á netfanginu: fludaleid@simnet.is

Til sölu stólar úr
Félagsheimilinu Borg.
Nánari upplýsingar hjá
Láru í síma 855-5800

Verslunin Borg

Opnunartími um jól og áramót

24. des. Aðfangadagur jóla opið 10:00-14:00
25. des. Jóladagur LOKAÐ
26. des. Annar í jólum opið12:00-16:00
31. des. Gamlársdagur opið 10:00-14:00
1. jan. Nýársdagur LOKAÐ
2. jan.Talning opnað ca. kl: 15:00-19:00

Annars opið skv. venju:

Mán-lau. 10:00-19:00
Sun. 11:00-18:00

Sími: 486-4408

Gleðileg jól !

Jólakveðja frá Kvenfélagi Grímsneshrepps

Ágætu sveitungar, kvenfélagskonur og aðrir velunnarar félagsins.
Við óskum ykkur gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári.

Þökkum fyrir þátttöku ykkar á Grímsævintýrum og annarri starfsemi félagsins á árinu sem er að líða.
Hlökkum til að sjá ykkur á nýju ári ☺

Kvenfélag Grímsneshrepps

Þann 12. nóvember sl. veitti Atvinnumálanefnd verðlaun í ljósmyndakeppninni sem stóð yfir frá byrjun mars til enda september. Þátttaka var góð, í heildina voru skráðar til leiks 101 ljósmynd eftir 8 ljósmyndara.

Þrenn verðlaun voru veitt, fyrir frumlegustu myndina Rúnar Gregory Muccio, fyrir mannlífsmynd Bragi Svavarsson og fyrir landslagsmynd Anna Wozniczka.

Í verðlaun voru bækurnar Grímsnes, búendur og saga bindi I og II og bókin Grafningur og Grímsnes byggðasaga, að auki fengu verðlaunahafar árskort í Íþróttamiðstöðina á Borg, blómvönd og verðlaunamyndina sína í ramma.

Við þökkum öllum kærlega sem tóku þátt í keppninni og hvetjum alla til að kíkja í Íþróttamiðstöðina á Borg til að skoða ljósmyndasýninguna en hún mun standa yfir fram í miðjan janúar.

Atvinnumálanefnd Grímsnes og Grafningshrepps.

Félagar í Hjálparsveitinni TINTRON
að skreyta jólatréð á Borg.

Jóla-Bingó á Borg

Kvenfélag Grímsneshrepps hélt bingó á Borg sunnudaginn 22. nóvember 2015 til styrktar Sjóðnum góða hjá Rauða krossinum í Árnessýslu. Bingóið tókst mjög vel og söfnuðust kr. 200.000.- í Sjóðinn góða.

Kvenfélagið þakkar bingóspilurum skemmtilegan dag í þágu góðs málefnis og einnig þakkar Kvenfélagið öllum þeim sem gáfu vinninga eða styrktu okkur á annan hátt.

Með kærleikskveðju
Kvenfélag Grímsneshrepps

Jólamarkaður og jólatrjáasala Björgunarfélagsins Eyvindar

Laugardaginn 12. desember verður okkar árlegi jólamarkaður og jólatréssala í húsi okkar að Smiðjustíg 8 á Flúðum.
Jólamarkaðurinn byrjar kl. 13 og verður til kl. 16.
Jólatrjáasalan verður frá kl. 13 til kl. 20 laugardag og frá kl. 14 til 17 sunnudaginn 13. desember.
Erum með allar helstu tegundir af jólatrjám.
Á markaðinum er mikið úrval af söluvöru og fjáröflunartombólan okkar verður á sínum stað.
Í ár erum við að safna fyrir hand gps tækjum sem nýtast munu leitar- og björgunarhópum í útköllum.

Heitt súkkulaði og piparkökur verða í boði.
Um kl. 14:30 koma jólasveinar sem ætla að gefa krökkum smá jólaglaðning.
Við stöndum einnig fyrir flóamarkaði sem verður í næsta húsi við björgunarsveitarhúsið, Smiðjustíg 10.

Þeir sem hafa áhuga á að panta söluborð á markaði og á flóamarkaði, vinsamlegast hafið samband við Else í síma 690-6024 eða á netfangið else@internet.is borðaleiga er 1000 kr.

Hlökkum til að sjá ykkur.
Með jólakveðju Björgunarfélagið Eyvindur.

Eigendur sumarhúsa ATH !

Þann 4/11 2015 var eftirfarandi samþykkt í sveitarstjórn Grímsnes og Grafningshrepps:
Breytingar á reglum um styrki til viðhalds á vegum í frístundabyggð.
Samgöngunefnd leggur til að 2. grein í reglunum verði breytt á þá leið að umsóknarfresturinn verði færður fram til ***1. mars ár hvert í stað 15. maí.***
Sveitarstjórn samþykkir samhljóða fyrirliggjandi beiðni

Reglur um styrki til viðhalds á vegum í frístundabyggð í Grímsnes- og Grafningshreppi

1. grein
Sveitarstjórn ákveður árlega upphæð við gerð fjárhagsáætlunar til viðhalds á vegum í frístundabyggðum sveitarfélagsins.

2. grein
Félög frístundabyggða og sumarhúsaeigenda sækja um styrk til sveitarstjórnar fyrir **15. mars** ár hvert á þar til gerðu eyðublaði. Skilyrt er að kostnaðaráætlun fylgi. Í lok júní ár hvert liggur fyrir hverjir munu fá úthlutað styrk og verður styrkurinn greiddur út eftir framvísun afrits af reikningi, þó eigi síðar en 31. desember það ár sem styrkurinn er veittur.

3. grein
Aðeins er veittur styrkur til viðhalds vega og getur styrkur mestur orðið kr. 300.000 til einstakrar framkvæmdar.

4. grein
Samgöngunefnd Grímsnes- og Grafningshrepps metur styrkbeiðnir og kemur með tillögur til sveitarstjórnar um úthlutun á styrkjum eftir þeim umsóknum sem fyrir liggja.

5. grein
Reglur þessar eru samþykktar á fundi sveitarstjórnar Grímsnes- og Grafnings-hrepps

4. nóvember 2015.
f.h. Grímsnes- og Grafningshrepps,
Ingibjörg Harðardóttir, sveitarstjóri

Kerhólsskóli Árshátíð

desember 2015

Jólaball

Hið árlega jólaball foreldrafélags Kerhólsskóla verður haldið

í Félagsheimilinu Borg þann **18. des.** kl. **13.00**.

Styrkt af umf. HVÖT og GOGG

Dansað í kringum jólatréð

Jólakakó og smákökur og hver veit nema jólasveinn kíki við.

Allir velkomnir!

Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppur

Vetraropnun

Vetraropnunartími gámastöðva frá 1. september til 30. apríl

	Heiðarbær	Lindarskógar	Seyðishólar	Vegholt
Mánudagur				14:00 - 16:00
Þriðjudagur	11:00 - 12:00		14:00 - 16:00	
Miðvikudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Fimmtudagur			14:00 - 16:00	
Föstudagur		11:00 - 13:00		14:00 - 16:00
Laugardagur	10:00 - 12:00			14:00 - 16:00
Sunnudagur		11:00 - 13:00	14:00 - 17:00	

Athugið að ofangreindur opnunartími breytist við stórhátíðir.
Lokað er á gámastöðvunum eftirtalda daga: Nýársdag - Föstudaginn langa - Páskadag - Frídag verkamanna 1. maí - Hvítasunnudag - Þjóðhátíðardaginn 17. júní - Þorláksmessu - Aðfangadag jóla - Jóladag - Annan í jólum og Gamlársdag.

Athugið að opið er fyrir losun heimilissorps allan sólarhringinn á öllum fjórum gámastöðvunum.

Ath.breytt símanúmer

Heilsugæslustöðvarinnar í Laugarási er:

432-2770

Heilbrigðisstofnun á Selfossi er:

432-2000

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Skötuveisla !

Kæru sveitungar !

Lionsklúbburinn Skjaldbreiður verður með skötuveislu á Þorláksmessudag í Félagsheimilinu Borg kl. 11:30 – 14:00

Skata og saltfiskur ásamt tilheyrandi meðlæti.
Kr. 2500,- á mann
kr. 500,- fyrir börn 6 - 12 ára
frítt fyrir börn 0 – 6 ára

Vekið bragðlaukana fyrir jólin og mætið í skötuna.

Lionsklúbburinn SKJALDBREIÐUR

Skólabragur – seinni hluti

Þótt hér sé reynt, í tveimur stuttum greinum, að bregða upp mynd af afmörkuðum þáttum í skólabrag í Kerhólsskóla, mætti eins halda því fram að allt sem skrifað hefur verið og sagt um skólastarfið – t.d. á heimasíðu skólans eða í Hvatarblaði - gefi stöðugar upplýsingar um skólabraginn. Honum verður þó seint hægt að gera fullnaðarskil, það er höfundi þessara lína vel ljóst.
Hvað um það: Eins og segir í fyrri grein, brugðu kennarar Kerhólsskóla á það ráð að haga uppröðun á borðum og stólum í kennslustofunum með óhefðbundnum hætti á síðasta skólaári. Reynslan af þessari tilhögun er góð, og er hún í vetur viðhöfð í öllum kennslustofum, þar sem bóknám fer fram. Hver nemandi hefur sitt borð og snýr sér til veggjar þegar við á og honum er ætlað að vera sjálfum sér nógur. Þar vinnur hann af kappi, ótruflaður af samnemendum sínum – og kennaranum! Ef nemandi verður strand í námsefninu, kemur hann til kennarans með vandamál sitt, eða gefur honum merki um að koma og finna sig. Sá sem þetta skrifar beitir nokkurs konar símati eða leiðsagnarmati á vinnubrögð nemenda, ætlast til þess að þeir komi reglulega og sýni kennaranum verk sín, hann leiðréttir og leiðbeinir ef með þarf og kvittar loks fyrir hverja opnu í vinnu- eða stílabókinni. Kennarar hafa svo hver sína aðferð, en allar miða þær að því að sníða fyrirkomulagið að þeim hugmyndum sem reifaðar voru í fyrri hluta greinarinnar: Að skólinn sé vinnustaður nemenda og einmitt þar eigi þeim að lærast að bjarga sér sem mest sjálfir og taka ábyrgð á eigin námi – undir vökulu auga kennarans, sem fær ótal tækifæri til þess að umbuna og hrósa.Hægt er um vik, hvenær sem er, að biðja nemendur að snúa stólum sínum og horfast í augu við kennarann ef honum liggur eitthvað á hjarta sem hann vill ræða við allan hópinn – eða bara láta ljós sitt skína.Hver nemandi hefur svo annað sæti, þegar við á. Það er við Eyjuna, hringborð í miðju stofunnar, þar sem unnið er að sameiginlegum verkefnum, æfður upplestur og framburður eða iðkaðar hringborðsumræður. Þar getur kennarinn líka lagt inn námsefni og lagt línurnar, ef hann vill láta til sín taka. Og ekki má gleyma heimakrók, sem óspart er notaður í yngstu árgöngum, sýnist mér.

Stolt siglir fleyið……

Góðir lesendur!

Að vera með fámennan samkennsluskóla er ekki óheillafyrirkomulag og vandræðaástand, eins og alltof margir hafa hyllst til að trúa, og dvalið óþarflega mikið við hugsanlega annmarka – og kostnað. Við skulum fyrir alla muni ekki vera hokin í hnjánum og bogin í baki yfir því að búa við þetta ástand. Nei, við skulum ganga hnarreist og vera stolt af þeim tækifærum sem okkur eru rétt upp í hendurnar, freista þess að að færa okkur það í nyt og halda áfram að hlú að og búa til skóla sem er bæði glaður og góður. Til lengri tíma litið mun það hafa samfélagsáhrif sem ekki verða metin til fjár. Það er ef til vill að bera í bakkafullan lækinn að minnast á hlutverkaskipan um uppeldi og nám blessaðra barnanna. Ég get þó ekki stillt mig um að minna á sígildar hugmyndir og settar fram að þráfaldlega gefnu tilefni:
Væri það ekki góður sáttmáli milli foreldra og skólans, að foreldrarnir gegndu áfram aðalhlutverki við uppeldi barna sinna, en skólinn tæki á sig aukna ábyrgð og aðalhlutverk þegar nám og kennsla væri annars vegar – í góðu samræmi við það sem sagt er hér að ofan: Að „heimanámið“ fari fram í skólanum? Hvor aðili um sig tæki svo að sér að styðja hinn með ráðum og dáð, jákvæðu hugarfari, umhyggju og fallegu umtali? Þannig er velferð barnanna best tryggð.

Heimalestur út fyrir sviga
Hér hefur verið talað nokkuð fjálglega gegn heimanámi grunnskólabarna, og mælt með því að nám og vinna barnanna fari að langmestu leyti fram í skólanum. Þessi sjónarmið eru í fullu samræmi við skólastefnu Kerhólsskóla. Vissulega leggur sú stefna mikla ábyrgð á herðar kennaranna, ekki síst þá að þeir tryggi að góður vinnufriður og vinnuandi ríki í kennslurýminu. Á það verða börn og foreldrar að geta treyst.
En eru þá bara hreint engin heimaverkefni í Kerhólsskóla? Ekki er það nú alveg svo, lesendur góðir. Samkvæmt sérstakri lestrarstefnu skólans er ætlast til þess - af fullum þunga - að nemendur

Íbúar í dreifbýli

Munið að koma með slökkvitæki heimilisins til okkar í slökkvistöðina að Árvegi 1 Selfossi.

Þórarinn Magnússon, starfsmaður Slökkvitækjaþjónustunnar, mun taka á móti ykkur og skipta út tækjunum og afhenda rafhlöður í reykskynjara, ykkur að kostnaðarlausu samkvæmt þjónustusamningi við sveitarfélögin.

Nánari upplýsingar koma fram á heimasíðu BÁ, www.babubabu.is eða í síma 4-800-900.

SÍMANÚMER HJÁ GRÍMSNES OG GRAFNINGSHREPPI

Skrifstofa	480 5500
Kerhólsskóli	480 5520
Sundlaug	480 5530
Áhaldahús	480 5531
Félagsheimili	480 5535

Þorrablót 2016

Okkar árlega þorrablót verður haldið í **Félagsheimilinu Borg 29. janúar 2016.** Aldurstakmark miðast við þá sem verða 16 ára á árinu 2016.

Nánar auglýst í næsta blaði.

UMF HVÖT 1907

HEILBRIGÐISSTOFNUN SUÐURLANDS

Sími Selfossi 432-2000
Laugarás 432-2770

FEÐGAVERK

Tökum að okkur stór og smá verk:
jarðvinnu - tætingu - snjómokstur - jarðheflun & fólksflutninga, 6-11 farþega.

Jóhannes og Guðmundur
Gsm: 848 - 1123 & 868 - 4115
Email: verktaki89@gmail.com
Facebook: Jarðvinnuverktaki Feðgaverk

lesi daglega upphátt fyrir foreldra sína eða einhvern fullorðinn, 10 – 15 mínútur í senn. Þennan lestur á að skrá samviskusamlega í þar til gert hefti, sem fylgir börnunum heiman og heim. Og lesefnið getur verið hvað sem er, en oftast er það bara hreinn skemmtilestur –til dæmis sögubækur af bókasafni skólans, nú eða kannski bara bækurnar sem komu úr hörðu pökkunum um jólin! Og óskastaðan er auðvitað sú að börnin verði svo fús að lesa að engan eftirrekstur þurfi til, heldur sökkvi þau sér ofan í bækurnar hvenær sem tækifæri gefst, gleymi stund og stað, kynnist undraveröld og verði margs vísari um staðreyndir, viðhorf og skáldskap. Og hver veit nema þau verði með tíð og tíma færari um að leysa lífsgátuna – að minnsta kosti sína eigin?

Bjarni Þorkelsson, kennari í Kerhólsskóla.

Skötuveisla Við Faxa.

Við verðum með skötuveislu í hádeginu á Þorláksmessu
frá 11,30 til 14,00

Á borðum verður skata og saltfiskur ásamt klassísku meðlæti

Verð 2.500 kr. á mann
Hálfvirði fyrir börn á grunnskólaaldri og frítt fyrir yngri.

Borðapantanir í síma 774 7440 í síðasta lagi 22. des.

VIÐ FAXA
RESTAURANT

Húsaleigubætur

Viljum minna á að sækja þarf um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gilda umsóknir til áramóta skv. 10. grein laga um húsaleigubætur og skv. 11. grein sömu laga skulu umsókn fylgja eftirtalin gögn:

1. Leigusamningur gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur.(Ekki er þó skylt að þinglýsa leigusamningi vegna íbúðar í eigu sveitarfélaga eða félaga sem eru að öllu leyti í eigu sveitarfélaga)
2. Ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra.
3. Launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölulið og barna sbr.1. mgr. 9.gr. fyrir þrjá síðustu mánuði.
4. Önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæðum og atvikum kunna að kalla á. Hægt er að lesa lögin í heild inn á heimasíðu Velferðarráðuneytisins http://www.velferdarraduneyti.is/

Umsóknir þurfa að berast á skrifstofu
Grímsnes- og Grafningshrepps fyrir 16. janúar 2016.

Sveitarstjóri